

Ársskýrsla
Votlendissjóðs
fyrir árið 2019

Ársskýrsla Votlendissjóðs fyrir árið 2019

Votlendissjóðurinn er sjálfseignarstofnun og fjármagnaður af samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum sem vilja leggja sitt af mörkum í baráttunni við loftslagsbreytingar. Hundruð hektara votlendis hafa þegar verið endurheimtir á vegum Votlendissjóðsins sem jafngildir því að stöðva losun þúsunda tonna koldíoxíðs út í andrúmsloftið. Jafnframt styrkir þessi leið líffræðilega fjölbreytni. Þannig eflist gróður og fuglalíf og jákvæð áhrif geta orðið á vatnsbúskap í veiðiám þar sem áhrifanna gætir.

Landeigendur hafa val um hvort þeir endurheimti sjálfir eða fáí aðstoð við það. Framkvæmdaraðilar geta tekið að sér að endurheimta votlendi í gegnum sjóðinn á eigin kostnað. Votlendissjóðurinn tryggir að það land sem er endurheimt sé raunverulegur mýrarjarðvegur og að ávinningur sé af því fyrir loftslagið að endurheimta votlendið.





Samfélagsleg ábyrgð

Meginstefið í nálgun sjóðsins er samfélagsleg ábyrgð þar sem landeigendum, einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum er gefinn kostur á að sýna samfélagslega ábyrgð í verki. Merki Votlendissjóðsins er merkt samfélagslegri ábyrgð.

Á starfsárinu voru haldnir samtals 12 stjórnarfundir en fundað er fyrsta mánudag hvers mánaðar. Voru þeir ýmist haldnir í Landbúnaðarháskólanum, Vatnagörðum 8 eða hjá Samskipum.



Stjórn Votlendissjóðs

Stjórn Votlendissjóðsins árið 2019 skipuðu:

Aðalmenn stjórnar:

- Eyþór Eðvarðsson stjórnarformaður (hætti í lok nóvember)
- Þröstur Ólafsson stjórnaformaður (frá lokum nóvember)
- Magnús Jóhannesson
- Helga Jóhanna Bjarnadóttir
- Katrín Pétursdóttir
- Ísólfur Gylfi Pálmason
- Sveinn Runólfsson

Varamenn stjórnar

- Ólafur Eggertsson
- Rannveig Grétarsdóttir
- Þórunn Ingjaldsdóttir

Breytingar í stjórn og framkvæmdastjóra skipti.

Bjarni Jónsson framkvæmdastjóri lét af störfum í sumar og þakkar stjórn sjóðsins honum góð störf. Einar Bárðarson var ráðinn framkvæmdastjóri Votlendissjóðsins í júlí 2019 og tók til starfa í byrjun ágúst. Einar hefur á síðustu árum starfað sem stjórnandi í ferðaþjónustu og almannatengslum. Á síðustu árum hefur hann einnig látið til sín taka á sviði umhverfismála. Ráðningarþjónustan Intellecta sá um ferlið fyrir Votlendissjóð.

Eyþór Eðvarðsson stofnandi sjóðsins hætti sem formaður stjórnar undir lok árs vegna anna í eigin fyrirtæki. Eyþóri verður seint þakkað það mikla þrekvirki sem hann vann við að koma sjóðnum á laggirnar og stýra honum af festu fyrstu ár starfseminnar.

Bókhald og endurskoðun

Fyrirtækið Spekt sér um bókhaldið fyrir Votlendissjóðinn. Páll Ólafur Bergsson bókari heldur utan um tölurnar. PwC endurskoðar reikninga félagsins og Bryndís Guðjónsdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá PwC



Bakland og velunnarar sjóðsins

Í baklandi sjóðsins eru vísindamenn, sérfræðingar, fagstofnanir og háskólar sem hafa hvað mesta þekkingu á endurheimt votlendis á Íslandi. Mikill fjöldi einstaklinga og fyrirtækja studdi við bakið á Votlendissjóðnum á þessu fyrsta starfsári. Þau helstu eru hér (í stafrófsröð):

- Auðlind-minningarsjóður Guðmundar Páls Ólafssonar
- EFLA verkfræðistofa
- Environice
- Fuglavernd
- GT verktakar
- Háskóli Íslands
- Intellecta
- Klappir
- Landbúnaðarháskólinn
- Landgræðslan
- Landvernd
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- PwC
- Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi
- Reitir
- Skeljungur
- Spekt
- Valitor

Velunnarar sjóðsins

Fjölmarginir einstaklingar hafa lagt mikla vinnu á sig til að koma sjóðnum á laggirnar.

Ámundi Sigurðsson hjá Ámundi hélt áfram að vera okkur innan handar með grafík og merki vegna endurheimts votlendis. Þá hannaði hönnuðurinn Villi Warén nýtt merki sem er verður merki sjóðsins sjálfs í almennri umsýslu en merki endurheimtarinnar er merki og ásynd verkefnisins.

Ævar Guðmundsson hefur haft tæknilega umsjón með og stýrt allri vinnu Votlendissjóðsins í tengslum við heimasíðuna og greiðslugáttina.

Þá gaf Ragnar Th. Sigurðsson einn fremsti ljósmyndari landsins sjóðnum aðgang að mynda safni sínu til notkrunar á ljósmyndum sínum í kynningarvinnu fyrir sjóðinn. Mynd frá honum prýðir einmitt árskýrslu þessa fyrir árið 2019.



Almennt um starfssemi sjóðsins

Fyrstu mánuðir ársins 2019 voru undirlagðir áframhaldandi söfnun jarða til endurheimtar. Um það bil þrjátíu jarðir voru svo sendar til mælinga og mats hjá Landgræðslunni fyrir sumarið 2019. Landgræðslan vann með sínum landshlutafulltrúum að mælingum á losun hveggjar jarðar fyrir sig yfir sumarmánuðina og skilaði stofnunin jörðunum til Votlendissjóðs í haust. Langstærstur hluti jarðanna var endurheimtanlegur og var hafist handa strax í haust að vinna að endurheimt þeirra samkvæmt verkáætlunum frá Landgræðslunni.

Á sama tíma var unnið í kynningu á starfsemi sjóðsins hjá hagsmunaaðilum í atvinnulífinu. Kostir kolefnisjöfnunar í gegnum endurheimt sjóðsins og áhrif hennar á fjölbreytileika náttúrunnar fékk víða góðan hljómgrunn. En í upphafi árs var stjórn sjóðsins strax ljóst að verðfórsendur sjóðsins gerðu hann ósamkeppnisfæran nema hjá þeim sem gerðu sér ljósa ótvíræða kosti endurheimtar umfram aðrar sambærilegar aðgerðir í átt að kolefnisjöfnun. Eitt af verkefnum ársins var endurskoðun á því. Framlög voru þó fjölmörg og samningar um kolefnisjöfnun bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum.





Endurheimt sjóðsins árið 2019

Votlendissjóður endurheimti votlendi á fjórum jörðum árið 2019. Allar fóru jarðirnar í gegnum úttekt hjá Landgræðslunni en að því loknu hófumst við handa. Fyrst riðu á vaðið landeigendur á Hofi í Norðfirði og endurheimtu á sinni jörð, þá koma Garðlist verktakar og framkvæmdu endurheimt á Bessastöðum en svo var það ÍSTAK sem lagði okkur til atfylgi í Bleiks- og Krísuvíkurmýri sem samtals voru 53 hektarar en í það heila endurheimtum við votlendi á 72 hekturum sem er stöðvun útblásturs sem nemur 1.440 tonnum á þessu ári og margfaldað í 8 ár sem dæmi eru það 11.520 tonn af CO2 ígildum sem hætta að fara út í andrúmsloftið. Það er sambærilegt því að við myndum taka 720 bíla úr umferð í ár. Það magn á ári samsvarar svo 5760 fólksbílum í 8 ár. Það munar sannarlega um það.





Breytingar á gjaldskrá

Í lok árs 2019 samþykkti stjórn Votlendissjóðs breytingar á gjaldskrá og framlagsforsendum sjóðsins. Helstu breytingar voru þær að sjóðurinn býður nú endurheimt tonn á 2.000,- krónur og selur staðfesta stöðvun í átta í ár stað eins árs eins og fyrra módel var byggt á. Stærsta breytingin er þó er viðkemur landeigendum sem koma til samstarfs við sjóðinn en þegar sjóðurinn hefur nýtt þessi átta ár til að fjármagna framkvæmdirnar fá landeigendur stöðvunina til ráðstöfunar.



Stærsti samningur Votlendissjóðs

Í maí undirrituðu Orkan og Votlendissjóðurinn þriggja ára samning um kolefnisjöfnun alls reksturs Orkunnar. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu. Undir reksturinn telst allur akstur og flugferðir innan starfseminnar, notkun á vatni, hita og rafmagni og meðhöndlun sorps. Þá býður Skeljungur viðskiptavinum sínum upp á möguleika á að greiða fyrir kolefnisjöfnun eldsneytisins sem þeir kaupa hjá félaginu með því að gefa eftir 5 krónur af afslætti við hvern lítra. Verkefnið hefur gengið mjög vel og á fyrsta starfsári samningsins er það ljóst að þetta gerir Skeljungs, Orkuna og viðskiptavinum þeirra að stærsta fjárhagslega bakhjarli Votlendissjóði.





Morgunverðarfundur í Hörpu í haust

Votlendissjóður blés til kynningarfundar á starfssemi sjóðsins og hinum ýmsu kostum endurheimtar þann 6. nóvember. Forseti Íslands hélt opunarávarp þar sem hann talaði mýrarnar og endurheimt í sögulegu samhengi um leið og hann sagði frá endurheimt sjóðsins við Bessastaði í september. Þá fluttu aðilar frá Landgræðslunni, Hafrannsóknarstofnun, Enviornice, Skeljungu og Votlendissjóði erindi sem vörpuðu ljósi á þróun mála og nýjar upplýsingar sem tengjast endurheimt og áhrif hennar á náttúrunna á Íslandi. Fundurinn varð tilefni til allmiklar umfjöllunar um starfssemi sjóðsins í fjölmiðlum landsins.





Hlauparar í Reykjavíkurmaraþoni leggja lið

Í Reykjavíkur Maraþoni Íslandsbanka sumarið 2019 var í fyrsta sinn hægt að hlaupa og safna um leið áheitum til stuðnings Votlendissjóðs. Nokkrir öflugir einstaklingar tóku þátt og við og leggja sjóðnum lið með þeim hætti. Nokkrir öflugir einstaklingar söfnuðu samtals 681.114 kr. til handa verkefnum Votlendissjóðs. Það var ánægjulegt að sjá hversu vel tókst að safna í maraþoninu. Aðalhvatamaður þess að sjóðurinn komst þarna inn var baráttu- og leikkonan Vala Kristín Eiríksdóttir og var ein þeirra sem hljóp fyrir sjóðsins.





Alþjóðlegt samstarf í Grunnafirði

Votlendissjóðurinn í samstarfi við Fuglavernd, Landbúnaðarháskólann, Landgræðsluna og RSPB (Royal Society for the Protection of Birds) fengu veglegan styrk frá The Endangered Landscapes Programme (ELP) til að undirbúa endurheimt votlendis við Grundartanga og Hvalfjarðarsveit en það svæði tengist Grunnafirði. Grunnafjarðar svæðið norðaustur af Akranesi er mikilvægur viðkomustaður fyrir farfugla og hefur alþjóðlegt mikilvægi fyrir margar tegundir fugla. Fjörðurinn var friðlýstur 1994 og samþykktur sem Ramsar-svæði 1996 en hann er einnig á IBA-skrá. Stuðningur ELP við verkefnið hleypur á nokkrum milljónum.

Þá er við þetta að bæta að stærsta ferðaskrifstofa í heimi sem sérhæfir sig í ferðum fyrir fuglaáhugafólk, Fauna, sem starfar í Svíþjóð hefur ákveðið að bjóða upp á kolefnisjöfnun ferða sinna viðskiptavina í gegnum Votlendissjóð. Þetta var ákveðið hjá þeim vegna þess hversu áriðandi Ísland er sem áfangastaður fjölda fuglategunda á ferðum þeirra yfir Atlandshafið.



Horft til baka yfir árið 2019

Í lok árs 2019 má því segja að sjóðurinn hafi náð nokkuð góðum tókum á verkefni sínu að endurheimta votlendi á Íslandi. Jarðir hafa verið metnar og mældar inn til endurheimtar. Framkvæmdir eru hafnir og fyrstu hektararnir hafa nú verið endurheimtir í nafni Votlendissjóðs í góðu samstarfi við Landgræðsluna.

Rekstrarmódel sjóðsins hefur verið endurskoðað eftir tveggja ára reynslu og ýmsir ferlar aðlagðir nýjum astæðum. Fleiri fyrirtæki leita eftir samstarfi við sjóðinn með kolefnisjöfnun í huga

Skilningur og meðbyr frá almenningi hefur greinilega farið vaxandi og er stjórn sjóðsins bjartsýn á framhaldið.

Framundan á árinu 2020

Nú þegar er hafin vinna við endurheimt á vegum sjóðsins á árinu 2020 og hún verður sú mesta frá stofnun sjóðsins og verðum við áfram í traustu samstarfi við Landgræðsluna. Með þeirri vinnu og auk þeirrar sem fór fram á síðasta ári kemst enn meiri reynsla á kostnaðinn og hægt verður að komast nær því að samstilla verð og kostnað.





Tryggja reksturinn

Votlendissjóðurinn heldur áfram að vinna í að uppfæða almenning og stjórnendur í fyrirtækjum um kosti endurheimtar sem öflugustu leiðina í baráttunni okkar við hlýnun jarðar og um leið styrkir starfsemi hans líffræðilega fjölbreytni á endurheimtum landssvæðum. Þannig eflist gróður og fuglalíf og jákvæð áhrif geta orðið á vatnsbúskap í veiðiám þar sem áhrifanna gætir. Sú leið hefur aflað sjóðnum fylgjendum sem bæði styrka sjóðinn í orði og á borði.



Samstarfið við Landgræðsluna

Í auknum meðbyr fyrir endurheimt votlendis hjá stjórnvöldum og með meiri fjárframlögum til Landgræðslunnar í málaflokkinn vonast Votlendissjóður til þess að sjóðurinn og Landgræðslan geti unnið saman að fleiri verkefnum og þá af enn meiri krafti en áður. Góð reynsla er komin á samstarf þessara aðila og hefur breiðara samstarf verið rætt og fékk umræðan meðbyr hjá báðum. Þannig mætti fara enn hraðar í verkefni á t.d. á ríkisjörðum sem faldar hafa verið Landgræðslunni til forsjár. Fara þarf skipulega yfir landsvæði og finna þær jarðir sem framræstar hafa verið en eru nú í eyði. Votlendissjóður er Landgræðslunni þakklátur fyrir frjótt og árangursríkt samstarf.

Þá þarf að horfa til þess að efla samstarf stofnanna og sjóða sem fara með og selja kolefnisjöfnun í landinu til þess að standa vörð um trúverðugleika slíkra verkefna. Fundur milli þessara aðila af frumkvæði Loftlagsráðs Íslands hafa farið fram með aðkomu Umhverfisráðuneytis og Umhverfisstofnunar.

